

Ársskýrsla leikskólans

Kirkjubóls



Skólaárið 2015-2016

EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit.....	1
Inngangur.....	2
Tölulegar Upplýsingar.....	2
Barnahópurinn.....	2
Starfsmannahópurinn.....	3
Innra Starf.....	3
1. Þema skólaársins var sköpun.....	4
2. fjölgreindir.....	5
3. Áframhaldandi vinna með vinnáttaverkefnið.....	7
4. Styrking starfsmannahópsins í heild.....	7
5. Áhersla á læsi í tengslum við þjóðarsáttmála um læsi.....	9
Annað.....	10
30 ára afmæli leikskólans.....	10
Foreldrasamstarf.....	11
Starfsmannahald – námskeið / endurmenntun.....	12
Öryggis - og slysamál.....	12
Húsnæði og viðhald.....	13
Samstarfsáætlun leik- og grunnskóla - Brúum bilið.....	14
Lokaorð.....	14

INNGANGUR

Samkvæmt lögum um leikskóla frá árinu 2008 skal leikskólastjóri gera rekstraraðilum og sveitarstjórn grein fyrir starfsemi leikskóla í ársskýrslu.

Ársskýrsla þessi tekur til skólaársins 1. september 2015 - 31. ágúst 2016 og byggir að miklu leiti á starfsáætlun skólaársins og endurmati starfsmannahópsins.

TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

BARNAHÓPURINN

Hinn 1. desember 2015 voru 61 börn í 67,79 barngildum og með 460 dvalarstundir, þar af voru 32 drengir og 29 stúlkur. Barnafjöldinn skiptist á 3 deildar á eftirfarandi hátt:

- 17 börn á Lundi
- 22 börn á Holti þar eru 3 – 4 ára börn
- 22 börn á Heiði þar eru 4 - 6 ára börn

Alls voru 5 börn fædd árið 2014, allt drengir

Alls voru 11 börn fædd árið 2013, þar af eru 6 stúlkur og 5 drengir

Alls voru 10 börn fædd árið 2012, þar af eru 5 stúlkur og 5 drengir

Alls voru 19 börn fædd árið 2011, þar af eru 9 stúlkur og 10 drengir

Alls voru 16 börn fædd árið 2010, þar af eru 9 stúlkur og 7 drengir

Börnin áttu rætur að rekja til 6 landa sem eru: Pólland, Ungverjaland, England, Sri Lanka, Rússland og Ísland. Tungumálin sem börnin tala auk íslensku eru: pólska, ungverska, enska, shinhálíska, rússneska og íslenska

Þrjú börn fengu sérstakan stuðning sem 100 % starfsmaður við sérkennslu sinni og að auki fengu 12 börn sérstaka handleiðslu hjá sérkennslustjóra sem snéri að málörvun, einbeitingu, þjálfun í fínhyfingum, grófhreyfingum og félagsfærni svo eitthvað sé nefnt.

STARFSMANNAHÓPURINN

Hinn 1. desember 2015 voru samtals 17 starfsmenn í 15.47 stöðugildum í leikskólanum sem skiptust þannig:

- 9 leikskólakennarar, þar af einn í veikindaleyfi
- 6 leiðbeinendur
- 1 sérkennslustjóri/leikskólasérkennari,
- Einn með BS í sálfræði við sérkennslu
- 1 matráður

Starfsfólk átti rætur að rekja til 5 landa sem eru: Suður- Kórea, Filippseyjar, Mauritius, Rússland, og Ísland.

INNRA STARF

Innra starf leikskólans er í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla. Helstu þættir sem unnið er með eru settir upp innan námssviða leikskóla og tengdir fjölgreindum.



Umfjöllun um innra starf er tengd við starfsáætlun Kirkjuból fyrir skólaárið og meðal annars stuðst við endurmat frá starfsfólki og viðhorfskönnunum á helstu verkefnum vetrarstarfsins.

Sett voru niður fimm meginmarkmið fyrir vetrarstarfið. Þessi vetur var fyrsti vetur eftir nafnabreytingu á deildum en þær heita nú Heiði, Holt og Lundur. Veturinn var annar vetur okkar með breytta aldurssamsetningu deilda, þar sem Heiði er deild með 4-6 ára börn, Holt er miðdeild með 3-4 ára börn og Lundur deild yngstu barnanna 1 1/2 -3 ára.

1. ÞEMA SKÓLAÁRSINS VAR SKÖPUN

Í tengslum við listadaga barna og ungmenna í Garðabæ vorið 2016 var ákveðið að leggja sérstaka áherslu á skapandi starf og listir þetta skólaárið og var sköpun því yfirþema starfsins í vetur. Fjölbreytt skapandi vinna var unnin allan veturinn t.d. unnið með steinleir, endurunnin pappír, olíuliti, saum, vef, teikningar, skúlpútra, hljóðfæragerð og margt fleira.

Framkvæmd listadaga lá nokkuð seint fyrir af hendi bæjarins en starfsmannahópurinn leggur til að næst þegar listadagar verði haldnir, væri gaman að börnin fengu tækifæri til að sýna verk sín á fleiri stöðum og verkum þeirra væri gert herra undir höfði. Börnin sungu fyrir starfsfólk bæjarskrifstofu sem var ánægjulegt fyrir alla. Haldið var opið hús og afraksturinn af vetrarstarfinu sýndur en einnig tók leikskólinn þátt í Stóra leikskóladeginum í Ráðhúsi Reykjavíkur þar sem vinna með fjölgreindir í vetur var kynnt gestum og gangandi.



2. FJÖLGREINDIR

Undanfarin ár hefur verið unnið með fjölgreindakenningu Howards Gardner í starfi leikskólans en í vetur var ákveðið að gera vinnuna með fjölgreindir markvissari en oft áður. Lögð var áhersla á eina greind í mánuði og áherslur samræmdar á milli deilda og samvinna aukin. Verkefni gengu vel en voru ef til vill of yfirgripsmikil og of mörg verkefni ætluð á hvern mánuð fyrir sig. Starfsmenn voru ánægðir með að hafa ákveðin ramma yfir verkefni en leiðir innan hvers deildar mismunandi með tilliti til aldurs barnanna. Fjölgreindadagur var haldinn í hverjum mánuði þar sem sett voru upp verkefni um allan leikskólann sem voru fyrirfram undirbúin af þriggja manna teymi. Þessir fjölgreindadagar með stöðvavinnu um allan leikskólann eru ekki síst góðir til að gefa börnunum tækifæri til að kynnst leikskólanum sínum betur og hitta starfsfólk allra deilda. Starfsfólkið eins og börnin fær jafnframt tækifæri til að velja stöðvar eftir áhuga og skipuleggja útfærslu á þeim verkefnum sem eiga að vera í boði. Mikilvægt þykir að fjölgreindakenningin sem við vinnum eftir sé sýnileg bæði starfsfólki og foreldrum þar sem við störfum í hennar anda.

Ótrúlega mikið starf var unnið í tengslum við fjölgreindir og verkefni fjölmörg. Einstaklega vel gekk að vinna með málgreind, rýmisgreind og tónlistargreind og starfsfólk mjög ánægt með þá mánuði og allt það fjölbreytta starf sem fram fór á deildum. Starfið skiptist þannig:

September – sjálfsþekkingargreind – unnið með ég sjálfur, heimili og fjölskyldu ásamt því að tala um tilfinningar og líðan.

Október – samskiptagreind – unnið með vináttuverkefnið og hvaða reglur gilda í samskiptum.

Nóvember – málgreind- unnið með frásagnir, þulur, ljóð, söngva, sögur og sögusteina, dagur íslenskra tungu haldinn hátíðlegur en Sigrún Eldjárn kom til okkar í heimsókn. Markviss málörvun er að sjálfsögðu gegnumgangandi í öllu starfi leikskólans.



Janúar – tónlistargreind – unnið á fjölbreyttan hátt með tónlist, hljóðfæragerð, hlustun, heimsókn í tónlistarskólann, tónverk, Pétur og úlfurinn og dans.

Febrúar - rök- og stærðfræðigreind. Ýmis stærðfræðiefni til dæmis numicon, tölur, tölustafir, form og mynstur.

Mars – rýmisgreind. Ýmis verðlaus efniviður nýttur til sköpunar og verkefna. Einnig unnið með list í tengslum við listadaga Garðabæjar og fræðst um útlitaverk í Garðabæ og farið á Hönnunarsafnið. Börnin gerðu meðal annars listaverk úr steinleir og málverk með olíulitum.

Apríl – umhverfisgreind sem samtvinnuðist rýmisgreindarvinnu. Tekið þátt í vorhreinsidögum Garðabæjar, ræktuð sumarblóm, gerðar tilraunir með fræ og ræktun, farið í gönguferðir.

Mái – hreyfigreind – gönguferðir, íþróttadagur, ferð í Ásgarð og hreyfileikir

Starfsmannahópurinn er sammála því að samstarf á milli deilda hafi verið gott í vetur þar sem leikskólinn starfi sem ein heild og samhljómur sé í húsinu þegar verkefni eru samræmd og rædd. Fyrir næsta skólaár er lagt til að hafa áherslur á færri þætti í hverjum mánuði og hafa rýmri tíma til að vinna verkefni.



3. ÁFRAMHALDANDI VINNA MEÐ VINÁTTUVERKEFNIÐ

Unnið var markvisst með vináttuverkefnið á tveimur eldri deildunum Heiði og Holti en minna á yngstu deildinni þó að mikið væri rætt um vináttu, lesnar vinasögur og sungnir söngvar. Ekki var unnið sérstaklega með spjöldin á yngstu deildinni. Vinastundir voru þó nokkuð færri en síðasta skólaár þegar það var þróunarverkefni hjá okkur en mikil ánægja með efnið og rætt innan starfsmannahópsins að það þurfi fleiri starfsmenn deilda að taka þátt í verkefninu og hafa vinastundir en var í vetur. Allir starfsmenn eru sammála því að þessar stundir megi ekki detta út og það þurfi að gefa svigrúm í dagskipulagi fyrir þær eða samtvinna þær öðrum stundum. Einn leikskólakennari fór á námskeið á vegum Barnaheilla vegna verkefnisins. Öll börn í leikskólanum eiga vinabangsa og þeir alltaf aðgengilegir. Í vetur tóku nokkur börn í elsta hóp þátt í kynningarmyndbandi fyrir verkefnið og Anna Bjarnadóttir aðstoðarleikskólastjóri einnig. Þetta myndband er aðgengilegt á vef Barnaheilla og útskýrir í stuttu máli verkefnið og reynslu leikskóla af því. Starfsmenn eru sammála því að vináttuverkefnið stuðlar að betri samskiptum á milli barnanna og eykur umræðu um umburðarlyndi og fjölbreytileika. Í vetur bættist einnig við efnið þar sem gefinn var út diskur með ýmsum vináttulögum, barnabók með skemmtilegum vináttusögum og endurskoðað leiðbeininga – og nuddhefti.



Áhugi er að tengja verkefnið enn frekar inn í annað hópastarf og þurfa ekki að hafa það ávallt í sér stundum heldur samtvinna með öðrum verkefnum í tengslum við lífsleikni í leikskóla. Mikilvægt er að hefja forvarnarstarf strax á leikskólastigi með því að vinna með góðan skólabrag, jákvæð samskipti, vinsemd og virðingu fyrir fjölbreytni í nemendahópnum.

4. STYRKING STARFSMANNAHÓPSINS Í HEILD

Þegar starfsmenn endurmátu síðasta skólaár kom fram að mikilvægt væri að styrkja starfsmannahópin sem heild með áherslu á samstarf, samstöðu og sátt. Bæði með því að auka á samvinnu þvert á deildar og efla upplýsingaflæðið. Kom fram hugmynd um að fara

einnig á skipulagsdegi út úr húsnaði skólans og kynnast því sem aðrir eru að gera. Á skipulagsdegi í október var því haldið á Suðurnes þar sem starfsmenn skiptu sér á heimsóknir í fjóra leikskóla, fengu fullt af góðum hugmyndum og fræðslu um nýjungar. Þessi dagur skilaði sér að mati starfsmanna í auknum umræðum um starfshætti, nýjum hugmyndum um vinnu með börnum og ánægðum starfsmannahópi. Allir höfðu gott af því að bregða sér út fyrir bæjarmörkin og kynnast starfi annarra. Mikill áhugi kom upp meðal starfsmanna að fá inn málörvunarnámsefnið Lubbi finnur málbein eftir þessar heimsóknir og varð úr að sótt var um þróunarstyrk til innleiðingar á því efni fyrir næsta skólaár. Í endurmati á skipulagsdögum kom fram að gott væri að brjóta upp daginn með því að fara í stutta gönguferð um miðjan dag, sérstaklega ef setið er á fundi eða fyrirlestri meginpart dagsins. Allir hafa gott af smá útiveru og viðrun við slíkar aðstæður.

Á skipulagsdegi í september sóttu starfsmenn fyrirlestur um orkustjórnun hjá Leifi Geir Hafsteinssyni vinnusálfræðingi og þar komu margar góðar ábendingar um hvernig starfsmenn geta borið ábyrgð á heilsu sinni, hvað þeir geta gert til að auka orku og starfskraft án þess að kosta miklu til.

Gott samstarf var á milli eldri deilda varðandi útiveru og ávallt er gott samstarf um að leysa veikindaafleysingar og frí sem geta verið strembnir dagar. Mikilvægt er að horfa á leikskólann sem eitt hús, einn vinnustað þar sem starfsfólk hjálpast að og vinnur saman að sameiginlegum markmiðum. Þetta tókst með ágætum í vetur bæði með aukinni samvinnu og samveru utan vinnu fyrir jólin, eftir skipulagsdag á vorönn, árshátíð og með mánaðarlegri kaffistofugleði. Auðvitað eru alltaf einhverjir sem vildu gjarnan hafa fleiri viðburði þar sem starfsmenn geta hist utan vinnu en aðrir telja þetta gott eins og er.



Skólapúlsinn sá um starfsmannakönnun í vetur og niðurstöður þeirra könnunar kynntar á skipulagsdegi í maí. Samkvæmt niðurstöðum eru starfsmenn ánægðir með margt, en annað mætti betur fara og eru sóknarfæri til að bæta samstarfið og starfsaðstöðuna

5. ÁHERSLA Á LÆSI Í TENGLUM VIÐ ÞJÓÐARSÁTTMÁLA UM LÆSI

Í vetur var mikið unnið með sögum, sögugerð, tjáningu, markvissa málörvun og hlustun. Sögustundir féllu nánast aldrei niður og á elstu deild voru allar sögur skráðar á hringform og hengdar upp á vegg í bókaorm sem náði yfir alla deildina og gott betur en það í lok vetrar. Einnig var um vorið farið að lesa framhaldssögur á deild elstu barna og þar var einnig unnið með sögugerð og sögusteina. Næsta vetur verður áfram unnið með sögusteina og áhugi fyrir að börnin vinni lengur og meira með sögum og vísur, t.d. í gegnum leikræna tjáningu og endursögn. Einnig þykir gott að undirbúa sögustundir fyrir viku, tengja við þema og árstíðir sögur sem eru lesnar og velja bækur í kassa fyrir vikuna. Reglulega er bókasafn Garðabæjar heimsótt og börnin njóta þess að fara þangað að fá bækur lánaðar, skoða og líta myndir.



*Sprengjan og sjórinn
eftir Magnús*



Einu sinni var töfrahnifur og svo var komin sprengja og sprengjaði hnifinn. Og svo datt það ofan í sjó og þá kom akkeri og braut sprengjuna. Það var fólk í bátum á sjónum og einn kall datt á akkerið og fann hvað sjórinn var kaldur. Svo náði einn maður vinur hans í band og hann klifraði upp bandið og hann var með teppi utan um sig.

Sögusteinar í leikskólanum reitarni 2015-2016

Á Holti og Lundi var byrjað að nota Lubba bókina eftir Eyrúnu Ísafold Gísladóttur og Þóru Másdóttur ásamt geisladiski, keypt voru veggspjöld með íslensku málhljóðunum og hengt á allar deildar. Mikið var leikið með stafi og hljóð í fjölbreyttum aðstæðum, við matarborðið, í fataherbergi og í samverustundum. Yngstu börnin eru ótrúlega snögg að læra tákni með íslensku málhljóðunum í Lubba bókinni og það skemmtilegt efni.



Starfsfólkið fékk annan höfund Lubba hana Eyrúnu Ísafold Gísladóttur til að halda námskeið á starfsmannafundi og var það mjög fræðandi og skemmtilegt námskeið sem gerði að verkum að allir eru spenntir að vinna meira með Lubba á komandi vetri. Sett var niður helstu verkþættir og hvenær þeir verða unnir í töflu sem sjá má hér að neðan :

Undirbúningur	Framkvæmd	Eftirfylgni
• kynning talmeinafræðings á fagfundi í jan. 2016 • Námskeið sérfræðings á starfsmannafundi í mars 2016 • Námsefnið keypt inn fyrir leikskólann • Lubbi (lítill hundur) á hverja deild • Hljóðaveggspjöld hengd upp á hverri deild	• Umræður um skipulag vinnunnar á skipulagsdegi vor 2016 • Deildarstjórar skipuleggja vinnu inn á deildum á skipulagsdegi haust 2016 • byrjað að vinna markvisst með Lubba haustið 2016 - skráningar • Hljóðakassar, byrja að finna efnivið og kassa. Skipta verkum á milli deilda, hver finnur hluti fyrir hvaða hljóð. • Sögupokagerð, byggja upp góðan aðgang að sögum og hvernig hægt er að vinna með þær	• Endurmat starfsmanna á skipulagsdegi í janúar 2017 og aftur í maí 2017 • skoðanakönnun meðal eldri barna, hvað þeim finnst um Lubba efnið og upplifun þeirra • Könnun á stafa- og hljóða þekkingu að vori á öllum deildum

Næsta vetur verður svo lögð áhersla á að endurskoða markvissa málörvun og auka vægi hennar með með yngstu börnunum.

ANNAD

30 ÁRA AFMÆLI LEIKSKÓLANS



Leikskólinn átti stórafmæli á þessu skólaári þar sem þrjátíu ár voru liðin frá stofnun þann 1.nóvember 2015. Blásið var til mikillar afmælisgleði þann 30. október af þessu tilefni. Börnin á Heiði og Holti höfðu rætt hvernig þau vildu halda upp á daginn og margar góðar hugmyndir komu fram sem reynt var að koma til móts við. Meðal óska var að halda veislu, fá köku,

fá afmælisgjafir, skreyta leikskólann, hafa leikrit, tónlist, andlitsmálningu, hamborgara í matinn og fleira skemmtilegt. Okkar bakarí var svo vinsamlegt að gefa okkur afmælisöku og mjólkursamsalan gaf kókórmjólkurfurnur. Allur dagurinn var hátíðlegur og skemmtilegur, margir góðir gestir litu í heimsókn, aðrir leikskólastjórar, bæjarstjórinn, ungir tónlistarmenn frá



tónlistarskólanum fluttu fallega tónlist fyrir okkur og fjölskyldum barnanna boðið í afmælisveislu. Börnin sungu af sinni alkunnu snilld fyrir gesti og gangandi. Nokkrir starfsmenn tóku sig til og léku leikritið um Geiturnar þrjár við góðar undirtektir. Í salnum voru hengdar upp myndir úr skólastarfinu í gegnum árin, myndir af barnahópum og ágrip af sögu skólans. Segja má að dagurinn hafi verið einstaklega vel lukkaður og gleði ríkjandi um allan skólann.

FORELDRASAMSTARF

Mikið er lagt upp úr óformlegum daglegum samskiptum við foreldra og stuðlað er að gagnkvæmum upplýsingum um börnin og starfið.

Í formlegu samstarfi var haldinn foreldrafundur í september, börnin buðu foreldrum sínum í morgunmat í október, jólasamvera var í desember að morgni, heitt súkkulaði, bollur og söngur í sal. Feður og afar komu í morgunmat á bóndadegi og mæður og ömmur í morgunmat á góunni tengt konudeginum. Opið hús í aprílmánuði var



tengt listadögum barna og ungmenna og góð mæting var á opna húsið, boðið upp á kaffi, djús og muffins. Á opna húsinu var afrakstur vetrarstarfsins sýndur og mörg falleg listaverk prýddu skólann.

Danskennsla var í vetur í boði foreldrafélagsins og buðu börnin foreldrum að fylgjast með síðasta danstímanum. Foreldrafélagið stóð fyrir sveitaferð utan leikskólatíma sem var nokkuð vel sótt þrátt fyrir slæmt veður. Að venju sá foreldrafélagið um sumarhátíð í garðinum í byrjun júní þar sem boðið var upp á söngatriði barnanna, grillaðar pylsur, ís og ávexti. Mjög góð mæting og gott veður var á fjölskylduhátíðinni.

Kynningarfundur fyrir nýja foreldra var að vanda í maímánuði og var hann ágætlega sóttur. Mikilvægt er að gefa nýjum foreldrum kost á að kynna sér leikskólann, hitta deildarstjóra og skoða deildar. Við erum að reyna að hafa hæfilega mikið af samverustundum í samstarfinu, að allir finni eitthvað við hæfi án þess að finnast það kvöð.

Skipulögð foreldraviðtöl voru í marsmánuði en lögð er áhersla á að foreldrar séu meðvitaðir um að starfsfólk er ávallt til taks ef ræða þarf málin og hægt að biðja um samtal ef þurfa þykir. Lögð er áhersla á góð dagleg samskipti í upphafi og lok dags. Í október var einnig boðið upp á aukasamtal þar sem foreldrum gafst kostur á að skrá sig í samtal. Í fyrra samtalinu fá foreldrar tækifæri til að ræða liðan barna á nýrri deild ásamt öðrum málum sem þeim liggur á hjarta.

Foreldraráð og foreldrafélag hittist reglulega á fundum yfir veturinn.

STARFSMANNAHALD – NÁMSKEIÐ / ENDURMENNTUN

Á þessu skólaári voru 12 námskeið / fyrirlestrar sem starfsmenn hafa sótt/ tekið þátt í, ýmist einn eða fáir, upp í að allir starfsmenn hafa verið með. Þarna hefur verið fjallað um efni sem styður við starfið í leikskólanum eða nýjungar sem eru áhugaverðar. Sem dæmi um námskeið eru: iPad í almennu leikskólastarfi, Hugleiðsla, slökun og jákvætt hugarfar, Virk þátttaka og lýðræði í leikskólastarfi – eitthvað fyrir alla?, Heilsusamlegt fæðuval fyrir leikskólabörn – áhrif matará hegðun barna, Yngstu börnin í leikskólanum – tjáning ungra barna í leik, tengsl og hlutverk leikskólakennara, Lubbanámskeið og Vináttuverkefnið.

Deildarstjórar sóttu átta örnámskeið í vetur um þætti tengda læsi barna og voru þau námskeið mjög vel sótt og góður rómur að þeim. Deildarstjórar töluðu um að auðveldara væri að komast frá til að sækja svona styttri námskeið en lengri og komu til baka með margar góðar hugmyndir varðandi málörvun og málþroska barna.

Kirkjuból er þátttakandi í alþjóðlegu þróunarverkefni styrkt af Erasmus + og ber heitið „This is me under construction“ og miðar að því að finna leiðir til að meta nám barna út frá styrkleikum þeirra í gegnum fjölgreindir, uppeldislega skráningu og námssögur. Verkefnið er til tveggja ára frá hausti 2015 til vors 2017. Samstarfsþjóðir eru Svíþjóð, Noregur og Belgía.



ÖRYGGIS - OG SLYSAMÁL

Garðurinn er genginn að morgni frá apríl fram í nóvember til að kanna aðstæður áður en börn fara út að leika.

Í september voru öll slökkvitæki leikskólans yfirfarin, og einnig var eldvarnarkerfi leikskólans yfirfarið og prófað. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins kom í heimsókn með fræðslu fyrir elstu börnin í október og börnin á elstu deildinni tóku þátt í eldvarnareftirliti í leikskólanum í framhaldi af heimsókn slökkviliðsins.

Mánaðarlegt eldvarnareftirlit er framkvæmt af leikskólastjóra sem sendir skýrslu rafrænt til stjórnstöðvar um eftirlit með eldvörnum.

Slys á börnum:

Alls voru skráð 6 slys á árinu og voru flest sem betur fer minniháttar, tvö slys urðu í garðinum en fjögur slys inni. Fimm slys voru vegna falls, úr leiktæki, á jafnsléttu eða hjóli. Eitt slys var vegna áverka frá öðrum. Starfsfólk leikskólans hlúði að börnunum, ef það var einhver vafi, var hringt í foreldra, þeim sagt frá og í tveimur tilfellum var farið á heilsugæslu og einu sinni á slysavardstofu, til öryggis til að meta hvort þyrfti að bregðast við með einhverjum hætti og eitt barn fóru í skoðun hjá tannlækni eftir högg við fall. Skoðað var hvort slysin væru á svipuðum tíma en svo var ekki, þó urðu þrjú slys á tímabilinu 10 til 11:15, eitt slys var rétt eftir hádegisdag og tvo urðu í lok dags.

HÚSNÆÐI OG VIÐHALD

Kirkjuból er orðinn þrjátíu ára gamall leikskóli og húsið farið að láta nokkuð á sjá. Í vetur var skipt um þakkant að framanverðu og var ekki vanþörf á þeirri vinnu.

Á elstu deildinni var skipt um salerni, litlu skipt út fyrir stærra.

Arkitekt kom í leikskólann í fyrrasumar og tók út aðstæður í eldhúsi miðað við nútímakröfur um hreinlæti og aðbúnað, en eldhúsið er barn síns tíma og þarf virkilega að ljúka við vinnuna sem er upb hálfnuð. Því miður hefur ekkert gerst á þessum starfsvetri.

Landslagsarkitekt tók út leikvöllinn og skilaði inn nýjum teikningum af honum í júní 2015 en engar úrbætur voru gerðar á leikvöllinum á þessu skólaári þrátt fyrir mjög margar skemmtilegar hugmyndir á teikningunni eins og til dæmis gervigras undir fótboltavöll, nýjan kastala og nýtt undirlag. Mikið mæðir á svæðinu, möl er til ama og undirlag orðið lélegt. Malbikið er orðið sprungið og komin þörf á að bæta leiksvæði barnanna.

SAMSTARFSÁÆTLUN LEIK- OG GRUNNSKÓLA - BRÚUM BILIÐ

Í upphafi skólaárs er gerður samstarfsamningur milli Kirkjubóls og Flataskóla um gagnkvæmar heimsóknir og samskipti á milli skólastiganna bæði á haustönn og vorönn en Flataskóli er okkar heimaskóli. Samstarfsamningurinn er góður rammi um starfið og gerir að verkum að markvissara er staðið að samskiptum, skipulagning viðburða er betri og upplýsingaflæði meira. Börnin í elsta hópnum



fóru meðal annars í heimsóknir í skólann, léku sér á útsvæðinu, skoðuðu unga um páskana, skoðuðu myndlistarsýningu nemenda skólans og heimsóttu bókasafnið. Nemendur Flataskóla komu einnig í heimsókn í leikskólann. Leikskólabörnin heimsóttu jafnframt Krakkakot og fóru í vorskóla bæði í Flataskóla og Hofstaðaskóla. Auk þessa fóru börnin ásamt öðrum börnum leikskólans í óskipulagðar gönguferðir á leiksvæði við bæði Flataskóla og Hofstaðaskóla. Nýbreitni í vetur var að fara með elstu börnin vikulega í fimleikasalinn í Ásgarði eða alla miðvikudagsmorgna. Mikil ánægja var með þessar hreyfistundir bæði meðal starfsfólks og barna enda frábær aðstaða og fjölbreyttur útbúnaður í salnum. Telja má að það auki öryggi barnanna talsvert að þekkja sig í nýja skólaumhverfinu þegar þau byrja í 1.bekk.

Samstarf var við grunnskólakennara er varða upplýsingar sem færast á milli skóla en börn, foreldrar og deildarstjóri tekur þátt í að fylla út eyðublað með upplýsingum sem þeir telja mikilvægt að komist áleiðis til skólanna.

Heilmikið starf er unnið með elstu börnum leikskólans í bæði markvissum stundum og öðrum verkefnum og samstarfsverkefnið brúum bilið gefist vel. Gott er fyrir leikskólakennara elstu barna að fá innsýn í störf barna í fyrsta bekk og fyrir grunnskólakennarana að fá innsýn í störf leikskólans.

LOKAORÐ

Fram kom í endurmati á vetrarstarfi að starfsfólki þótti gott að samræma vinnu varðandi fjölgreindir og vilja hafa meira samráð með slíkt næsta vetur þar sem hver deild getur svo útfært

eftir því sem hæfir aldri og þroska barnanna þar. Starfsmenn eru jafnframt sammála um að samstarf á milli deilda sé mjög af hinu góða og mikilvægt að farið sé eftir því sem búið er að ákveða fyrir heildina. Leikskólinn hefur undanfarin ár smám saman verið að byggja upp fasta þætti í starfinu og vinnubrögð þar af leiðandi samræmdari. Í því samhengi er nauðsynlegt að upplýsingaflæði sé gott og starfsfólki gefist tími til að ræða saman málefni deildanna ekki síst á deildarfundum sem þurfa að komast oftast fyrir í dagskipulaginu. Ekki síst þarf að leggja áherslu á ábyrgð hvers og eins starfsmanns að vera meðvitaður um það sem er á döfinni hverju sinni, lesa á upplýsingatöflur, fréttabréf, fundargerðir og í dagbækur á deildum.

Veturinn reyndist okkur nokkuð erfiður starfsmannalega séð, langvinn alvarleg veikindi á starfsmönnum, Erasmus+ verkefnið sem krafðist fjarveru tveggja leikskólakennara um næstum þriggja vikna bíl yfir veturinn, fæðingarorlof, önnur orlof og veikindafjarvistir. Allt leysist þetta á hverjum tíma með samhentum átaki allra en gerir að verkum að starfsfólk verður örþreytt að starfa undir miklu álagi til langs tíma og slíkt er engum manni hollt.

Marta Sigurðardóttir leikskólastjóri
Anna Bjarnadóttir aðstoðarleikskólastjóri